

Nr. 43.  
11. júlí.

## Lög

um

breyting á 20. og 29. grein laga nr. 22, 8. okt. 1883, um  
bæjarstjórn á Akureyri.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með  
samþykki Voru:

1. gr.

Sjö menn skulu framvegis eiga sæti í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins.

2. gr.

Endurskoðunarmenn reikninga kaupstaðarins skulu vera tveir. Auk reiknings  
bæjarsjóðsins skal þeim og skylt að endurskoða alla reikninga þeirra sjóða og stofnana,  
er bæjarstjórnin hefur umsjón með.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***Kristján Jónsson.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# LOV

**Nr. 43.**  
11. Juli.

om

Forandring af §§ 20 og 29 i Lov Nr. 22 af 8. Oktbr. 1883 om Bestyrelsen af Købstaden Akureyris kommunale Anliggender.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Købstadens Ligningskommission skal for Fremtiden bestaa af 7 Medlemmer.

§ 2.

Købstadens Regnskab skal revideres af to Revisorer. Foruden Bykassens Regnskab er de pligtige til at revidere Regnskaber for alle de Kasser og Foretagender, med hvilke Byraadet fører Tilsyn.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

**Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.**

***Kristján Jónsson.***

***Jon Krabbe.***